

10
28. febr

REGLUGJÖRÐ

fyrir

búnaðarlánadeild við Landsbanka Íslands, sem stofnuð er samkvæmt lögum nr. 38, 4. júní 1924.

1. gr.

Búnaðarlánadeildin er stofnuð í þeim tilgangi að veita löng og hagkvæm lán til eflingar landbúnaðinum, gegn veði í fasteignum og gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga og gegn veði í afgjaldi af eignum, með forgangsrettum fyrir öllum veðskuldum, sem opinberir skattar væru.

2. gr.

Starfsfje deildarinnar er fje það, er Landsbankinn leggur henni til samkvæmt ákvæðum 2. og 10. gr. laga nr. 38, 4. júní 1924.

3. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, greiðist 6% á ári í vexti af lánnum deildarinnar.

4. gr.

Búnaðarlánadeildin er, eins og Landsbankinn, undanþegin útsvari, stimpilgjaldi og öllum opinberum sköttum og skyldum.

Búnaðarlánadeildin hefir heimild til þess að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð til afnota handa sjer.

5. gr.

Lánin skulu veitt til eigi skemri tíma en 25 ára og eru afborgunarlaus fyrstu fimm árin. Heimilt er lántakanda hvenær sem er að greiða lán sitt upp að fullu eða þá hluta af því.

6. gr.

Fje deildarinnar má lána til jarðabóta gegn veði í fasteignum, þar með talin erfðafestulönd, og til jarðabóta, stofnunar nýbýla, mjólkurbúa, til smjör- og ostagjörðar, gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga, og ennfremur má veita lán til jarðabóta löggiltum fjelögum fasteignaeigenda (sbr. 17. gr. laga nr. 64, 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands), er hafa með höndum samvinnumannvirki til jarðabóta, t. d. áveita á engi, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum,

með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum, sem opinberir skattar væru, og loks má veita lán úr deildinni til varanlegra húsabóta í sveitum. **10** 28. febr.

7. gr.

Ekkert lán skal veita úr deildinni, er sje hærra en 20000 kr. og eigi má lána út á neina fasteign meira en $\frac{3}{5}$ hluta af virðingarverði hennar, og sjeu húseignir með í veðinu, þó aldrei hærra en helming af virðingarverði fasteignanna.

8. gr.

Nú hefir deildin minna fje en svo til umráða, að hún geti sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá þær lánbeiðnir, er Búnaðarfélag Íslands álitur nauðsynlegastar, sitja í fyrirrúmi, ef tryggingar fyrir þeim lánnum eru nægilegar, að álitu bankastjórnarinnar, þó að því undanskildu, að fasteignaveðslán skulu ganga fyrir öllum öðrum lánnum.

9. gr.

Hús og önnur mannvirki, sem eldur getur grandað, skulu því aðeins gild sem veð, að þau sjeu váttrygð í váttryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Heimilt er bankanum, á kostnað lántakanda, að váttryggja eignina, ef eigandi lætur það fyrirfarast.

10. gr.

Búnaðarlánadeildin lánar að jafnaði aðeins gegn fyrsta veðrjetti í fasteignum, en heimilt er bankastjórninni að lána gegn síðari veðrjettum, ef veðrjettirnir samanlagðir fara ekki fram úr upphæðum þeim, er greinir í 7. gr. reglugjörðar þessarar.

11. gr.

Eignir þær, er deildin tekur að veði, skulu virtar af tveim óvilhöllum mönnum, eða tveim mönnum tilnefndum af hlutaðeigandi lögreglustjóra, er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku og skal virðingin framkvæmd á kostnað lánþega, þó getur stjórn Landsbankans, ef henni þykir ástæða til, sjálf tilnefnt menn þá, er virða skulu. Ennfremur getur hún krafist þess, að hreppsnefnd sú eða bæjarstjórn, er í hlut á, segi álit sitt um virðinguna. Eignirnar skal meta til þess verðs, er þær hafa, eftir bestu vitund virðingarmanna, í kaupum og sölum og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða gjöld. Í virðingargjörðunum skal eignunum ítarlega og greinilega lýst og skal virða jarðarhúsin og öll önnur hús og mannvirki sjer og jörðina sjálfa sjer í lagi.

Tilgreina skal dýrleika jarðarinnar, hve mörg kúgildi fylgi henni, upp-

10 hæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla.
 28. febr. Ennfremur skal taka fram alt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni, ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sje varið, svo og allar aðrar upplýsingar, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort að hún liggur undir skemdum af vatnagangi, sjávargangi, skriðum, sandfoki eða fl.

Þegar hús eru virt, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi sjeu í henni, telja til alt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo og ofna, járneldstór o. fl. Sje um hlöður að ræða, fjárhús, fjós eða hesthús, skal nákvæmlega lýst stærð hvers fyrir sig, úr hvaða efni það sje bygt og hve marga heyhesta, kindur, kýr og hesta hvert um sig taki. Svo skal og nákvæmlega lýst öllum öðrum mannvirkjum á eigninni, og sje um erfðafestuland að ræða, skal einnig tilgreind stærð erfðafestulandsins. Getið skal í virðingargjörðinni, með hvaða verði eignin hafi síðast gengið kaupum og sölum. Þó er bankanum heimilt að krefjast ekki sjerstakrar virðingar á fasteign, ef lánbeiðnin fer ekki fram úr helming af fasteignamatsvirðingunni frá 1916 og engar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi um nýja virðingu, svo sem að bankanum sje kunnugt um, að eignin hafi rýrnað í verði síðan fasteignamatið fór fram, af völdum náttúrunnar eða af því, að jörðin hafi ekki verið í ábúð, eða af öðrum slíkum ástæðum.

12. gr.

Ef lán það, sem sótt er um, er ætlað til umbóta á þeirri fasteign sjálfri, er setja á sem tryggingu fyrir láninu og umbótin hefir í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingargjörð meta þá verðhækkun sjerstaklega og telja hana með í virðingarverði eignarinnar við ákvörðun veðhæfis hennar samkvæmt 7. gr. Skal þá, áður en lánið er veitt, vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni, eða verðhækkun vegna hennar. Þegar þannig stendur á, má þó aldrei borga meira út af láninu fyrirfram eða meðan verkið stendur yfir, en svo, að eignin, eins og endurbótinni er komið á hverjum tíma, sje nægilegt veð samkvæmt ákvæðum 7. gr. fyrir hinum útborgaða hluta af láninu.

13. gr.

Lántakandi skal að minsta kosti á hverjum þriggja ára fresti láta bankanum í tje skilríki fyrir því, að veðið hafi ekki rýrnað verulega í verði og auk þess getur bankinn hvenær sem er heimtað slík skilríki. Láti lántakandi farast fyrir að senda slíkt skilríki, samkvæmt kröfu bankans, eða hafi bankinn orðið þess var, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, getur hann látið fara fram skoðun eða nýja virðingu á kostnað lántakanda.

14. gr.

10

28. febr.

Til þess að geta fengið lán úr búnaðarlánadeildinni, verður að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Sje að ræða um lán gegn veði í fasteign, sbr. 3. gr. laga nr. 38, 4. júní 1924, 1. og 4. lið.
 - a. Útvega virðingargjörð, samkvæmt því er segir í 11. gr.
 - b. Útvega vottorð frá hlutaðeigandi embættismanni úr afsals- og veðmála-bókum embættisins um, hvort nokkrar veðskuldir eða önnur eignar-bönd hvíla á eigninni, og hver þau sjeu, svo að það sjáist, að þau sjeu ekki því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett deildinni.
 - c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbók-um hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eign-inni, eða sje það eigi unt, þá vottorð um, að eignin sje vitanleg eign hans.
 - d. Útvega skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að lánatakandi leggi fram sem svarar að minsta kosti $\frac{1}{3}$ kostnaðar við búnaðar-framkvæmd þá, sem lánið er ætlað til.
 - e. Útvega áætlun um kostnað við búnaðarframkvæmd þá, sem lánið er tekið til. Skal sú áætlun gerð af manni, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gildan.
 - f. Ennfremur útvega áætlun um væntanlegan arð af endurbótinni, eða verðhækkun hennar vegna, gerða af sama manni.
 - g. Ennfremur skal fylgja umsókninni um húsabótalán í sveitum áætlun um kostnað frá byggingarfróðum manni, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gildan og umsögn hans um það, að byggingarnar hafi verið fram-kvæmdar eftir fyrirsögn og undir eftirliti hans.
 - h. Loks skal fylgja umsókninni umsögn og meðmæli frá stjórn Búnaðar-fjelags Íslands um lánið.
2. Sje að ræða um lán úr deildinni gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitar-fjelaga, sbr. 3. gr. laga nr. 38, 4. júní 1924, 2. lið, skal fylgja láns-umsókninni:
 - a. Samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda, þar með talið samþykki stjórn-arráðsins, fyrir ábyrgðinni fyrir láninu, og skýrsla um efnahag hlut-aðeigandi bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelags (fjárhagsreikning).
 - b. Útskrift úr fundarbók hlutaðeiganda, er sýni, að löglega hafi verið samþykkt að takast á hendur ábyrgðina, og sje útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
 - c. Vottorð yfirvaldsins um, hverjir sjeu í sveitarstjórn, sýslunefnd eða bæjarstjórn þeirri, er takast ætlar á hendur ábyrgðina.
 - d. Umsögn hlutaðeigandi bæjarstjórnar, sýslufjelags eða hreppsnefndar um lánið.
 - e. Og loks gögn þau, er um ræðir hjer að framan undir lið 1, staflið d—h.

10
28. febr.

3. Sje að ræða um lán samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 4. júní 1924, 3. lið, skal leggja fram gögn þau, er um ræðir undir lið 1 hjer að framan, staflið d—h, auk þess, sem fyrir er mælt í 17. gr. laga nr. 64, 27. júní 1921, um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, og mega afgjaldskröfur þær, er bankinn fær að tryggingu, ekki vera hærri á neinni fasteign í fjelaginu, en nema mundi lánsupphæð þeirri, er bankinn gæti veitt gegn veði í eigninni, samkvæmt ríkisveðbankalögunum og öðrum útlánsreglum þess banka.

15. gr.

Aðeins má lána úr Búnaðarlánadeildinni til framkvæmda, sem gjörðar hafa verið eftir 1. júlí 1924.

16. gr.

Lánin veitast ekki aðeins til þeirra framkvæmda, sem þegar er lokið, heldur einnig til þeirra, sem verið er að vinna að, ef öll skilríki eru önnur fyrir hendi, sem lög nr. 38, 4. júní 1924, heimta og krafist er í reglugjörð þessari. Þó má ekki borga út meira af láninu strax en alt að helming, en afganginn er verkinu er lokið og skoðun hefir farið fram á því, á kostnað lán-takanda, framkvæmd af manni, sem Búnaðarfjelag Íslands tekur gildan.

Sje að ræða um stærri fyrirtæki, má þó greiða lánið í fleirum hlutum, jafnóðum og verkinu miðar áfram, eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, og önnur skilríki eru fyrir hendi, samkvæmt reglugjörð þessari.

17. gr.

Þar eð Búnaðarfjelag Íslands á að gefa hverju láni umsögn sína og meðmæli, ber að senda láns skjölin beint til þess, sem svo kemur þeim áleiðis til bankans.

18. gr.

Verði eigandaskifti á veðum búnaðarlánadeildarinnar, skal hinn nýi eigandi þegar í stað leita samþykkis bankastjórnarinnar um, að hann megi taka að sjer lán það, er hvílir á veðinu til deildarinnar. Vanræki hann að taka lánið að sjer, ber að líta svo á, að lánið sje alt þegar í stað fallið í gjald-daga og getur bankinn þá krafist, að það verði greitt tafarlaust. Samþykki hann, að hinn nýi eigandi taki að sje lánið, skal hann innan sex mánaða frá því hann keypti hina veðsettu eign, sanna eignarrjett sinn fyrir bankastjórn-inni og taka að sjer lánið.

19. gr.

Lánnum þeim, er deildin veitir, má bankinn ekki segja upp meðan lán-þegi gegnir öllum skyldum þeim, er hann hefir undirgengist; þó er banka-stjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði skilmálanna, t. d.:

- a. ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd á rjettum gjalddaga,
- b. ef veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur fullnægjandi trygg-¹⁰ing, að álit bankans, ^{28. febr.}
- c. ef ef skuldunautur heldur ekki vátrygðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda deildinni kvittun hlutaðeigandi vátryggingarfjelaga fyrir iðgjaldinu í tæka tíð,
- d. ef falla á veðið eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfum deildarinnar,
- e. ef ábyrgð fyrir lánunum rýrnar verulega.

Bankinn getur hvenær sem er krafid bæjar-, sýslu- og sveitarfjelög, sem standa í ábyrgð fyrir lánunum í búnaðarlánadeildinni, um skýrslur um eignir þeirra og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um trygging lána.

20. gr.

Sjerhver skuldunautur, sem ekki stendur í skilum með greiðslu á afborgunum og vöxtum af láni sínu á rjettum gjalddaga, skal greiða 1% í dráttarvexti.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir deildin heimild til þess að ganga að veðinu, eftir þeim reglum, sem gilda um eignir, sem veðsettar eru bankanum.

22. gr.

Sjerstakan reikning skal bankinn halda um búnaðarlánadeildina, en þó skal deildin jafnframt vera talin með í aðalreikningi bankans.

23. gr.

Þegar lög um Ríkisveðbanka Íslands nr. 64, 27. júlí 1921, komast til framkvæmda, skal leggja búnaðarlánadeildina niður og hverfur hún þá inn í hann með þeim hætti, sem nánara verður ákveðið milli stjórnarráðsins og stjórnar Landsbankans, og fær bankinn þá jafnframt um leið greitt að fullu það, sem hann kann að hafa lánað úr deildinni.

Framanskráð reglugjörð er hjermeð útgefin sem viðauki við endurskoðaða reglugjörð fyrir Landsbankann í Reykjavík frá 18. okt. 1911, samkvæmt lögum nr. 14, 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka og lögum nr. 38, 4. júní 1924, um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Fjármálaráðuneytið, 28. febr. 1925.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.